

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Ársreikningur samstæðu 2020 - 2021

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10 - 19

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.
Kennitala 420369-7789
Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Aðalstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla, sala og markaðsetning á matvörum, drykkjarvörum og öðrum tengdum vörum. Fjöldi ársverka hjá félagssamstæðunni á árinu var 339. Í lok ársins voru kynjahlutföll starfsmanna hjá samstæðunni þannig að 39% voru konur og 61% karlar. Í lok ársins voru 40% stjórnarmanna konur og 60% karlar.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskila-aðferðum og árið áður.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar var hagnaður fjárhagsársins 2020-2021 eftir reiknaða skatta 728 m.kr. Hrein eign félagsins í árslok nam 6.166 m.kr. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um elgið fé í ársreikningnum.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ölgerðarinnar Egill Skallagríms hf. að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Megináhættu- og óvissupættir

Stjórnendur meta reglulega áhættu í rekstri fyrirtækisins og lágmarka hana í daglegum rekstri. Samstæðan setur mikinn kraft í verkefni sem tengjast sjálfbærni og samfélagsábyrgð og dregur þannig úr orðsporsáhættu um leið og það hefur jákvæð áhrif í kringum sig. Reglulega eru haldin námskeið fyrir starfsfólk með það að augnamiði að viðskipti séu í samræmi við lög auk þess sem samstæðan er með öflugt gæðastýringarkerfi sem rýnt er reglulega.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Stjórn og stjórnendur leggja mikla áherslu á sjálfbærni og er markvisst unnið að umbótum. Sjálfbærnivinna styður við framtíðarstefnu fyrirtækisins um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Okkar viðskiptavinir og neytendur gera kröfu um að versla við fyrirtæki sem stuðla að sjálfbærni og þau fyrirtæki búa yfir og viðhalda hæfara starfsfólki.

Ölgerðin gerir losunaruppgjör þar sem gert er grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Með ársreikningi fylgir samfélagsuppgjör fyrir árið 2020 sem er aðgengilegt á heimasíðu fyrirtækisins. Frá árinu 2016 sem er viðmiðunarár í losunaruppgjöri hefur losun gróðurhúsalofttegunda minnkað um 65%.

Framtíðarsýn fyrirtækisins verður náð með því að leggja áherslu á fjóra strauma: sjálfbærni, vöxt, stafræna þróun og fjölbreytileika. Þannig sköpum við virði fyrir alla okkar hagaðila og tryggjum verðmætasköpun til framtíðar. Með áherslu á fjölbreytileika starfsfólks leggur fyrirtækið áherslu á að ekki sé mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs eða uppruna. Á heimasíðu fyrirtækisins má nálgast stefnur er varða jafnrétti, mannauð, umhverfi og fleira.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á hagnaði.

Eignaraðild

Hluthafar voru 27 í upphafi og lok fjárhagsársins. Tíu stæstu hluthafar félagsins í lok fjárhagsárs voru:

OA eignarhaldsfélag hf.	26,1%
Horn III slhf.	25,1%
Akur fjárfestingar slhf.	18,2%
Nitur ehf.	5,8%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	5,1%
Sindrandi ehf.	4,0%
Vátryggingafélag Íslands hf.	2,5%
Landsbréf - Úrvalsbréf	2,2%
ISA ehf.	2,0%
EKG ehf.	2,0%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Ölgerðarinnar hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2020 - 2021 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 28. febrúar 2021. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 29. apríl 2021.

Stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2020-2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á á tímabilinu 1. mars 2020 - 28. febrúar 2021, efnahag hennar 28. febrúar 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. mars 2020 - 28. febrúar 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
 - Rekstrarreikningur samstæðu 1. mars 2020 - 28. febrúar 2021
 - Efnahagsreikningur samstæðu 28. febrúar 2020
 - Sjóðstreymi samstæðu 1. mars 2020 - 28. febrúar 2021.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar, sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegru tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 29. apríl 2021.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðu 1. mars 2020 - 28. febrúar 2021

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýringar	2020-2021	2019-2020
Rekstrartekjur			
Vörusala		26.154.365	25.944.376
Áfengis- og skilagjald		(7.517.142)	(7.467.857)
Vörusala nettó		<u>18.637.223</u>	<u>18.476.519</u>
Aðrar rekstrartekjur		50.799	33.674
Rekstrartekjur samtals		18.688.022	18.510.193
Rekstrargjöld			
Framleiðslukostnaður		11.218.352	10.776.363
Annar rekstrarkostnaður		<u>5.203.454</u>	<u>5.637.513</u>
		16.421.805	16.413.876
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		2.266.217	2.096.317
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	6	(748.003)	(769.929)
Rekstrarhagnaður		1.518.213	1.326.388
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		34.369	56.099
Fjármagnsgjöld		(460.687)	(860.703)
Gengismunur		(87.423)	(34.247)
Hagnaður vegna sölu á dótturfélagi		0	159.403
Áhrif hlutdeildarféлага	7	<u>(47.386)</u>	<u>109.883</u>
		(561.128)	(569.564)
Hagnaður fyrir skatta		957.087	756.824
Tekjuskattur	11	(228.277)	(178.855)
Hagnaður tímabilsins		<u><u>728.810</u></u>	<u><u>577.968</u></u>

Efnahagsreikningur samstæðu 28. febrúar 2021

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignir	Skýringar	28.2.2021	29.2.2020
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	5	6.848.574	6.848.574
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	8.148.998	8.247.670
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	7	711.113	516.164
Kröfur á hlutdeildarfélag		64.943	257.830
Skuldabréf og áhættufjármunir		312.025	335.515
Tekjuskattsinneign	11	0	35.928
		<u>16.085.653</u>	<u>16.241.680</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	8	1.729.378	1.753.095
Viðskiptakröfur	9	1.831.501	1.917.851
Aðrar skammtímakröfur		139.214	69.615
Handbært fé		690.751	180.134
		<u>4.390.843</u>	<u>3.920.696</u>
Eignir samtals		<u><u>20.476.497</u></u>	<u><u>20.162.376</u></u>

Efnahagsreikningur samstæðu 28. febrúar 2021

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir	Skýringar	28.2.2021	29.2.2020
Eigið fé	10		
Hlutfé		2.806.965	2.796.962
Yfirverðsreikningur		1.105.058	1.085.052
Sérstakt endurmat		321.888	321.888
Aðrir liðir		780.060	529.221
Óráðstafað eigið fé		1.152.566	674.607
		<u>6.166.537</u>	<u>5.407.731</u>
Skuldir			
Víkjandi lán og skuldbindingar :			
Tekjuskattsskuldbinding	11	1.815.110	1.775.426
Langtímaskuldir:			
Vaxtaberandi skuldir	12	8.586.249	9.015.206
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		1.635.906	1.478.243
Vaxtaberandi skuldir		0	55.170
Næsta árs afborgun af langtímalánum	12	451.465	1.004.133
Tekjuskattur til greiðslu	11	144.431	130.599
Aðrar skammtímaskuldir		1.676.798	1.295.869
		<u>3.908.600</u>	<u>3.964.014</u>
Skuldir samtals		14.309.959	14.754.645
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>20.476.497</u></u>	<u><u>20.162.376</u></u>

Sjóðstreymi samstæðu 1. mars 2020 - 28. febrúar 2021

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýringar	2020-2021	2019-2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður tímabilsins		728.810	577.968
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afkoma hlutdeildarféлага		47.386	(109.883)
Tap (hagnaður) af sölu á varanl. rekstrarfjármunum		(19.220)	(1.053)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		748.003	769.929
Breyting tekjuskattsskuldbindingar		75.612	48.258
		<u>1.580.592</u>	<u>1.285.219</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Birgðir		23.717	(219.417)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskröfur		16.752	287.736
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		552.426	(198.225)
		<u>592.895</u>	<u>(129.907)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>2.173.487</u>	<u>1.155.312</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Seldir (keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir		(676.784)	(676.953)
Selt dótturfélag		0	183.696
Skuldabréf, breyting		23.490	221.955
Tengd félög, breyting		185.260	(112.373)
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi		(242.335)	(19.375)
		<u>(710.369)</u>	<u>(403.050)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		0	(175.387)
Ný langtímalán		59.324	0
Afborganir langtímalána		(1.041.834)	(557.885)
Keypt eigin bréf		0	(21.443)
Seld eigin bréf		30.009	0
		<u>(952.501)</u>	<u>(754.715)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		510.617	(2.452)
Handbært fé í byrjun tímabils		180.134	183.436
Handbært fé í lok tímabils		<u>690.751</u>	<u>180.134</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Grundvöllur samstæðu

Ársreikningurinn nær til Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. og dótturfélaga þess, Danól ehf., kt. 530802-2640 með lögheimili að Fosshálsi 17-25, 110 Reykjavík og G7-11 Fasteignafélag ehf., kt. 490911-2510 með aðsetur að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík. Í lok tímabilsins átti félagið 100% eignarhlut í Danól ehf. og G7-11 fasteignafélag ehf.

Dótturfélagunum, Agla Gosgerð ehf., Borg Brugghús ehf. og Sól ehf. sem félagið á 100% er haldið utan samstæðu þar sem þau samanlagt hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar þeirra sbr. 70 gr. laga um ársreikninga.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs. Framsetning á sjóðstreymi hefur verið breytt úr beinni aðferð í óbeina aðferð og samanburðartölum breytt til samræmis. Framsetning á skuldabréfum og áhættufjármunum hefur verið breytt þar sem skammtímahluti er ekki færður undir veltufjármuni og samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis.

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2020-2021	2019-2020
Laun	2.903.141	2.918.685
Lífeyrissjóður	372.495	387.609
Launatengd gjöld	251.329	270.946
	<u>3.526.965</u>	<u>3.577.240</u>

Fjöldi ársverka nam 339 en 367 árið áður.

Laun stjórnarmanna voru 10,1 millj. kr. á árinu en var 9,5 millj. kr árið áður. Heildarlaun stjórnarformanns, forstjóra og framkvæmdastjórnar námu um 273,0 millj. kr. á árinu, en var 233,6 millj. kr. árið áður.

5. Óefnislegar eignir

	Vörumerki	Viðskipta- sambönd	Samtals
Bókfært verð 29.2.2020 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	6.129.278	1.594.735	7.724.013
Afskrifað samtals	0	(875.439)	(875.439)
Bókfært verð 29.2.2020	<u>6.129.278</u>	<u>719.296</u>	<u>6.848.574</u>
Bókfært verð 28.2.2021 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	6.129.278	1.594.735	7.724.013
Afskrifað samtals	0	(875.439)	(875.439)
Bókfært verð 28.2.2021	<u>6.129.278</u>	<u>719.296</u>	<u>6.848.574</u>

Vörumerki og viðskiptasambönd félagsins eru með ótilgreindan líftíma, félagið framkvæmir virðisrýrnunarpróf árlega þar sem athugað er fjárstreymi vegna eigin vörumerkja og viðskiptasambanda félagsins. Komi fram virðisrýrnun er sú rýrnun færð til gjalda. Viðskiptasambönd voru áður afskrifuð línulega en eru metin með tiliti til virðisrýrnun með virðisrýrnunarprófi.

Endurheimtanleg fjárhæð vörumerkja og viðskiptasambanda byggir á áætlaðri framlegð til framtíðar og miðast framlegðarpósentur við áætlun stjórnenda um framtíðarframlegð vörumerkjanna og viðskiptasambandanna. Áætlun stjórnenda varðandi vörumerkin og viðskiptasamböndin er núvirt með ávöxtunarkröfu, sem er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins. Núvirðingin er síðan borin saman við eignagrunn hvers vörumerkis og viðskiptasambands til að meta hugsanlega rýrnun.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýrnunar.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Bifreiðar	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
28.2.2021:				
Bókfært verð 1.3.2020	5.057.386	455.924	2.734.360	8.247.670
Viðbót tímabilsins	197.817	43.934	489.873	731.624
Bókfært verð seldra eigna	0	(48.385)	(33.908)	(82.293)
Afskriftir	(224.229)	(89.103)	(434.671)	(748.003)
Bókfært verð í lok tímabils	<u>5.030.974</u>	<u>362.370</u>	<u>2.755.654</u>	<u>8.148.998</u>
Bókfært verð í lok febrúar 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	6.700.916	559.170	5.716.733	12.976.819
Afskrifað samtals	(1.321.533)	(278.149)	(3.228.140)	(4.827.822)
Bókfært verð í árslok	<u>5.379.383</u>	<u>281.021</u>	<u>2.488.593</u>	<u>8.148.998</u>

Skýringar

Áætlaður nýtingartími eigna

Fasteignir	30 ár
Bífreiðar	3-9 ár
Vélar, áhöld og tæki	3-15 ár

Vátryggingarverðmæti áhalda og tækja nam 5.796 millj. kr. í árslok.

Veðsetningar

Félagið hefur veitt kröfuhöfum veð í fasteign félagsins til tryggingar skilvísnum greiðslum vaxtaberandi lána sem nú standa í 3.136 millj. kr. Fjárhæð tryggingabréfs í lok tímabils er 4,2 ma kr.

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	Fasteigna- mat, hús	Fasteigna- mat, lóð	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Grjótháls 7-11	3.190.000	780.100	7.192.950	5.379.383

7. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Iceland Spring ehf. Grjóthálsi 7-11 40,03%	Endur- vinnslan hf. Knarrarvogi 4 20,0%	Samtals
Eignarhlutdeild			
Hlutdeild 1/1	275.641	240.523	516.164
Hlutdeild í afkomu	(29.386)	(18.000)	(47.386)
Breyting á hlutdeild	242.335	0	242.335
	<u>488.590</u>	<u>222.523</u>	<u>711.113</u>

8. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	28.2.2021	29.2.2020
Fullunnar vörur	1.387.072	1.444.943
Hráefni og umbúðir	322.776	284.316
Annað	35.617	41.060
Niðurfærsla birgða	<u>(16.087)</u>	<u>(17.225)</u>
	1.729.378	1.753.095

Vátryggingarverðmæti birgða nam 2.469,8 millj. kr. í árslok.

Skýringar

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	28.2.2021	29.2.2020
Viðskiptakröfur	1.957.970	2.052.165
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(126.470)	(134.314)
Viðskiptakröfur, nettó	1.831.500	1.917.851

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Endanlega afskrifaðar viðskiptakröfur	49.569	87.300
---	--------	--------

10. Eigið fé

Hlutafé

Hlutafé samkvæmt samþykktum félagsins nemur 2.806,9 millj.kr. þann 28.2.2021.

Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði.

Yfirverðsreikningur innbogaðs hlutafjár

Á yfirverðsreikning innbogaðs hlutafjár var fært yfirverð seldra eigin hluta á árinu.

Lögbundinn varasjóður

Lögbundin varasjóður er innifalinn yfirverðsreikningi hlutafjár.

Sérstakt endurmat

Sérstaka endurmatið er hlutdeild félagsins í sérstöku endurmati hlutdeildarfélags sem er vegna endurmats á vatnslind félagsins og vegna sérstaks endurmats á fasteign dótturfélags.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Á bundinn hlutdeildarreikning er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrareikning vegna dóttur- og / eða hlutdeildarfélags og þeirri fjárhæð sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Aðrir liðir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2019-2020:						
Staða 1.3.2019	2.806.965	1.114.155	304.225	30.226	593.252	4.848.823
Keypt eigin bréf	(10.003)	(29.103)	0	0	0	(39.106)
Þýðingarmunur	0	0	17.663	2.283	0	19.946
Hlutdeildartekjur	0	0	0	496.712	(496.712)	0
Hagnaður ársins	0	0	0	0	577.967	577.967
Staða 29.2.2020	2.796.962	1.085.052	321.888	529.221	674.507	5.407.630

Aðrir liðir greinast á eftirfarandi hátt:

	Þýðingar munur	Bundinn hlutdeildarr.	Samtals aðrir liðir
Staða 1.3.2019	(14.573)	44.799	30.226
Þýðingarmunur	2.283	0	2.283
Hlutdeildartekjur dótturfélaga	0	280.432	280.432
Hlutdeildartekjur hlutdeildarfélaganna	0	216.280	216.280
Staða 29.2.2020	(12.290)	541.511	529.221

Skýringar

10. Eigið fé, framhald

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Aðrir liðir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2020-2021:						
Staða 1.3.2020	2.796.962	1.085.052	321.888	529.221	674.507	5.407.630
Seld eigin bréf	10.003	20.006	0	0	0	30.009
Pýðingarmunur	0	0	0	88	0	88
Hlutdeildartekjur	0	0	0	250.751	(250.751)	0
Hagnaður ársins	0	0	0	0	728.810	728.810
Staða 28.2.2021	2.806.965	1.105.058	321.888	780.060	1.152.566	6.166.537

Aðrir liðir greinast á eftirfarandi hátt:

	Pýðingar munur	Bundinn hlutdeildarr.	Samtals
Staða 1.3.2020	(12.290)	541.511	529.221
Pýðingarmunur	88	0	88
Hlutdeildartekjur dótturfélaga	0	250.751	250.751
Staða 28.2.2021	(12.202)	792.262	780.060

11. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinast þannig:	2020-2021	2019-2020
Tekjuskattsskuldbinding í byrjun tímabils	1.739.496	1.691.240
Reiknaður tekjuskattur ársins	228.277	134.598
Áhrif vegna yfirverðs á fasteign	(8.232)	44.257
Tekjuskattur til greiðslu	<u>(144.431)</u>	<u>(130.599)</u>
	1.815.110	1.739.496

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) samstæðunnar greinist þannig á eftirfarandi liði:

	2020-2021	2019-2020
Varanlegir rekstrarfjármunir	294.813	288.444
Óefnislegar eignir	1.365.275	1.359.042
Birgðir	17.294	17.531
Viðskiptakröfur	(9.198)	(40.038)
Gengismunur	(13.947)	(11.201)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(82.635)	(97.857)
Aðrir liðir	<u>243.544</u>	<u>223.575</u>
	1.815.146	1.739.496

Tekjuskattur félagsins er áætlaður kr. 145.884 þús en þá hafa verið nýttar heimildir skattalaga til sérstakra afskrifta, niðurfærslu viðskiptakrafna o.fl.

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

	2020-2021	2019-2020
Tekjuskattur til greiðslu	144.431	130.599
Frestaður tekjuskattur	<u>83.846</u>	<u>3.999</u>
	228.277	134.598

Skýringar

11. Tekjuskattsskuldbinding, framhald

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2020-2021	2019-2020
Hagnaður fyrir skatta	957.087	756.824
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall	191.417	151.365
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	9.477	(21.977)
Áhrif vegna yfirverðs á fasteign	6.586	49.467
Ófrádráttarbær gjöld	20.796	0
	<u>228.277</u>	<u>178.855</u>

Ójafnað skattalegt tap samstæðunnar í árslok, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 413,2 millj. kr. Skattalegt tap nýtist til frádráttar hagnaði næstu tíu ár eftir að það myndast.

Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023	67.466
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	27.122
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	68.984
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	126.790
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	21.992
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	100.822
	<u>413.177</u>

12. Langtímaskuldir

	2020-2021	2019-2020
Skuldir í íslenskum krónum:		
Óverðtryggðar skuldir	9.037.714	10.019.339

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Afborganir mars 2021 - febrúar 2022	451.466
Afborganir mars 2022 - febrúar 2023	1.971.383
Afborganir mars 2023 - febrúar 2024	430.292
Afborganir mars 2024 - febrúar 2025	355.251
Síðar	5.829.322
	<u>9.037.714</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 9.037.714, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir mars 2021 - febrúar 2022, færðar meðal skammtímaskulda	451.465	1.004.133
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	8.586.249	9.015.206
	<u>9.037.714</u>	<u>10.019.339</u>

Skýringar

13. Aðrar upplýsingar

Póknun til endurskoðenda

	2020-2021	2019-2020
Póknun til endurskoðenda greinist þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	8.276	7.998
Könnun árshlutareikninga	1.941	1.641
Önnur þjónusta	6.820	4.176
	<u>17.037</u>	<u>13.815</u>

Vátryggingar

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 6.405 millj.króna.

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Félagið hefur veitt kröfuhöfum veð í fasteign samstæðunnar til tryggingar skilvísu greiðslum vaxtaberandi lána sem nú standa í 3.136 millj. kr. Fjárhæð tryggingabréfs í lok tímabils er 4,2 ma kr.

Skýringar

14. Helstu reikningsskilaaðferðir

14.1 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækings gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Seldar vörur eru með 30 daga skilarétt og er byggt á fyrri reynslu við áætlun á vöruskilum í lok árs. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækings gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

14.2 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

14.3 Óefnislegar eignir og virðisrýrnun þeirra

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma, aðrar en viðskiptavild, og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra og ástæður þess séu ekki taldar skammvinnar. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

14.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningsárs.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

14.5 Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum. Hlutdeildarfélag eru félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

14.6 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söliverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og sölukostnaði. Innifalið í kostnaðarverðmæti birgða er millifærsla vegna áhrifa gengisvarna af eigin fé vegna innkaupa á birgðum.

14.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

14.8 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

14.9 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

Kostnaður við útgáfu nýs hlutfjár, annar en í tengslum við samruna, er færður til lækkunar á innborguðu eigin fé að frádregnum tekjuskatti. Kostnaður við útgáfu hlutfjár í tengslum við samruna er færður til hækkunar á kaupverði.

Þegar félagið eða dótturfélag kaupa hlutfé í sjálfu sér er kaupverðið fært í heild sinni til lækkunar á eigin fé sem eigin hlutabréf þar til bréfin eru afskrifuð eða endurútgefin.

Skýringar

14.10 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattýfirvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

14.11 Skuldbindingar

Félagið færir skuldbindingu þegar félagið hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt sé að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Skuldbinding er ekki færð vegna mögulegra framtíðar rekstrartapa.

14.12 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádrögnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádrögnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

14.13 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.